

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um flóasiglingar

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Inngangur:

Þann 16. janúar 2015 undirrituðu borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akranesi viljayfirlýsingu um að skoða sameiginlega hvort flóasiglingar á milli Akraneskaupstaðar og Reykjavíkur geti verið góður valkostur í almenningssamgöngum. Faxaflóahafnir létu vinna frumskýrslu um málið sem kynnt hefur verið í borgarráði og var skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg (SEA) falið að yfirfara hana.

### Hlutverk starfshóps:

Að skoða ábendingar skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg við frumskýrslu Faxaflóahafna um flóasiglingar.

### Helstu verkefni og ábendingar SEA:

- 1.) Fjöldatölur. Fara þarf yfir fjöldatölur, meðal annars þeirra sem keyra í dag á milli Akraness og Reykjavíkur og meta með könnun hversu hátt hlutfall af þeim myndi taka ferju.
- 2.) Siglingaleiðir. Í forsendum skýrslunnar er eingöngu gert ráð fyrir siglingum stystu leið á milli Gömlu Reykjavíkurborgar og Akraneshafnar. Höfundur gerir ekki ráð fyrir öðrum mögulegum siglingaleiðum eða tengingum við aðra viðkomustaði. Þar mætti nefna Skarfabakka, Viðey og Grundartanga sem mögulega viðkomustaði auk nágretta sveitarfélaga, Kópavog og Hafnarfjörð.
- 3.) Rekstrarfyrirkomulag. Höfundur gefur sér í forsendum að rekstur ferjunnar sé hluti af öðrum rekstri. Skoða þarf samkeppnissjónarmið.
- 4.) Bátsgæði. Í skýrslunni er bara ein tegund af bát lögð til grundvallar. Það þarf að skoða möguleikann á fleiri tegundum og einnig að skoða hvernig markaðurinn er.
- 5.) Aðgengi að bryggjum og landgöngubúnaði.
- 6.) Meta kostnað vegna aðstöðu fyrir farþega á landi og til að selja ferðir.
- 7.) Meta mannafla í áhöfn skipsins. Í skýrslunni er gert ráð fyrir ráðningu eins skipstjóra/vélstjóra (sami aðili) og einum háseta, sem yrðu viðbót við aðrar áhafnir móðurfyrirtækisins. Gert er ráð fyrir siglingum 365 daga ársins.

Starfshópnum verði falið að kanna ofangreinda þætti og aðra sem gætu haft jákvæð áhrif á farþegafjölda, t.d. verðlagningu og framboð á íbúðarhúsnæði á Akranesi auk framboðs á gistirými.

### Starfshópin skipa:

Fulltrúi Reykjavíkurborgar, formaður.

Fulltrúi Reykjavíkurborgar.

Fulltrúi Akraneskaupstaðar.

**Starfsmaður:**

Fulltrúi, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

**Starfstímabil:**

Starfshópurinn skili niðurstöðum til ábyrgðarmanns 1. september 2015.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson